

Samgöngu- og fjarskiptanefnd Rangárþings ytra 2014-2018

Fundur nr. 3

Haldinn: Fimmtudagur 18. október 2014

Mættir: Engilbert Olgeirsson, Gyða Árný Helgadóttir, Steindór Tómasson og Sævar Jónsson. Einnig sat fundinn Bjarni Jón Matthíasson úr þjónustumiðstöð. Jóhann Björnsson boðaði forföll, varamaður hans Þróstur Guðnason kom í hans stað.

Staðsetning: Fundurinn var haldinn á ferð um styrkvegi sveitafélagsins og endaði í Norður-Nýjabæ. Lagt var af stað kl. 16.00 frá Hellu.

Efni fundarins:

1. Vettvangsferð þrjá styrkvegi sveitafélagsins

Byrjað var að hitta bóndann í Fjarkastokk og farið um Ástarbraut. Á miðri Ástarbraut að sunnanverðu er kantur sem safnar mikið í sig snjó á veturna og því þarf að kanna hvort megi mýkja hann með heflun. Bjarni ætlar að kanna hvort raflagnir séu í umræddum kanti. Það er lögheimili á Fjarkastokk og ætti því vegurinn að skilgreinast sem stofnvegur og falla undir ábyrgð Vegagerðarinnar. Bjarni ætlar einnig að ræða við Pál hjá Vegagerðinni á Selfossi um aðkomu þeirra að málinu.

Ekið var þvínæst frá Fjarkastokk og niður með vestari bökkum Ytri Rangár. Vegurinn er mikið notaður af veiðimönnum og átroðningurinn mikill og víða för utan vegar. Nefndarmenn beina því til sveitastjórnar að rætt verður við veiðifélagið um hugsanlega aðkomu félagsins að viðhaldi vegarins.

Að þessu búnu var ekið um Ásveg milli Háfs og áleiðis að Sandhólaferju. Vegagerðin tók á sínum tíma einhliða ákvörðun að taka Ásveg, frá Háfi að Sandhólaferju af vegaskrá en það hafa aldrei komið viðhlýtandi skýringar á ástæðu þeirrar ákvörðunar. Vegurinn er forsenda til viðhalds og eflingu byggðar í Þykkvabæ sem og öryggisatriði að hafa hringakstur um svæðið. Fundarmenn eru sammála því að vegurinn er afleitur, mikið niðurgrafinn, blautur og víða eru drullupyttir. Nefndin hvetur sveitastjórn að vinna að framgangi málsins í samvinnu við Vegagerð og endurvekja veginn á vegaskrá og hafa veginn á forræði Vegagerðar. Nefndarmenn eru sammála að þessi vegtenging verður að vera til staðar en ekki sé vænlegt að halda við gamla veginum. Komið hefur fram í samráði við landeigendur sú hugmynd að færa veginn vestar upp á melinn nær ánni.

2. Styrkvegaframkvæmdir í ár

Búið er að vinna að eftirfarandi vegbótum á þessu ári og það fjármagn sem var úthlutað í ár hefur verið nýtt:

- Vegurinn að Þjófafossi. Borið í kafla neðan við Þjófafoss, unnið í samstarfi við Skógrækt ríkisins.
- Pokahryggur á Reykjadalsleið. Lagfæring vegna úrrennslis.
- Heklubraut. Borið í um 2 km kafla fyrir ofan Kot.
- Styttingur. Borið í hluta vegarins frá Fitjafelli að Helliskvísl.
- Reynifellsvegur. Borið í stuttan kafla frá brúnni.
- Árleg heflun á styrkvegum innan sveitarfélagsins.

3. Hringtorgið á Hellu

Nefndinni barst tillaga um breytingu á veltenginum við Þjóðveg 1 við Hellu. Tillagan var rædd og formanni falið að ræða tillöguna við Vegagerð.

4. Fjarskiptamál

Haraldur Birgir, skipulags- og byggingafulltrúi tók saman minnispunkta um stöðumat á fjarskiptamálum sveitafélagsins. Nefndin fjallaði um minnispunktana og beinir því til sveitastjórnar að fá fjárhagslega úttekt á fjarskiptamálum innan sveitafélagsins.

5. Önnur mál

Formaður mun setja saman umsókn um styrkvegafé til Vegagerðarinnar sem nefndin mun fjalla um.

Móta þarf snjómokstursreglur og skerpa á umferðareglum innanbæjar og fá þær samþykktar.

Á næsta fundi samgöngu- og fjarskiptanefndar verður fjallað um fjarskiptamál, snjómokstur og umferðaöryggismál innan þéttbýlis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00.

Fundargerð ritaði Gyða Árný Helgadóttir.